



Reykjavík, 27 maí 2025

ERINDISBRÉF Starfshópur um málefni hjólabúa

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:

Fyrsta aðgerðaáætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna á grundvelli samstarfsyfirlýsingar var kynnt á borgarstjórnarfundum þann 21. febrúar 2025. Tillögum útlistað í áætluninni er ætlað að raungera hluta þeirra verkefna sem þar eru sett fram. Ein tillagan er að:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að finna betri staðsetningu fyrir hús á hjólum í stað núverandi staðsetningar á Sævarhöfða. Staðarvalsgreininguna skal vinna í samráði við Samtök hjólabúa.

Til að tryggja nauðsynlegt samstarf við þær skrifstofur sem helst koma að ofangreindri tillögu, þarf að skipa starfshóp.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að koma með tillögum að útfærslu ofangreindrar tillögu, tryggja samstarf skrifstofa og sérfræðinga og viðunandi málsmeðferð og stilla upp að minnsta kosti tveimur tillögum að áætlun sem unnt er að velja úr. Hópurinn mun tryggja samtal við Samtök hjólabúa, við samtök sveitarfélaga og aðra hagaðila innan og utan borgar eftir þörfum. Hópurinn kannar lagaumgjörð, og þá hvort og hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að leysa þörf á langtímastæðum hjólabúa, hvernig aðgangur og öryggi verði tryggt og hvernig rekstrarfyrirkomulagi væri háttað. Hópurinn mun setja sér verkefni og forgangsraða verkefnum eftir því sem við á í samráði við yfirmenn.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kanna hvort og þá hvaða staðsetningar koma til greina fyrir hús á hjólum
- Kanna lagaumgjörð, mögulegt rekstrarfyrirkomulag og álitaefni sem hafa þarf til hliðsjónar við ákvarðanatöku
- Samráð við hagsmunaaðila í kjölfar hagsmunaaðilagreiningar

Starfshópurinn skipa:

Porkell Heiðarsson (formaður), Menningar og íþróttasviði

Hrönn Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi USK

Þórólfur Jónsson, deild náttúru og garða USK

Starfsmaður hópsins er Harpa F. Sigurjónsdóttir, skrifstofu stjórnsýslu og gæða USK

Ómar Einarsson (sérstakur Ráðgjafi)

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópur leiti sér ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavík



Starfstímabil:

Hópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok júní 2025.

Reykjavík, 27. maí 2025

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík